

**3. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,  
miðvikudaginn 21. september 2022  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jónas Snæbjörnsson (JS), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

**Fundargerð ritaði:** Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

**Dagskrá:**

**2. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006**

Lögð fram tillaga að samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi, unnin af byggingargulltrúa.

*Umhverfis- og byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að skoða heimild fyrir dúfur í þéttbýli.*

*Erindinu frestað til næsta fundar.*

**3. Ábending vegna aksturs á Strandgötu - 2208007**

Tekið fyrir að nýju hraðatakmarkanir á Strandgötu. Tekið fyrir minnisblað byggingarfulltrúa þar sem fram koma nokkrar tillögur að lausn.

*Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til að 50 km hraðaskilti verði fært við innkomu í bæinn, við Strandgötu 2. Þá er lagt til að hraðamerki máluð á veginn. Nefndin bendir á að setja þurfi merki á veginn utan við sundlaug.*

**4. Sorpmál í Tálknafjarðarhreppi - 2208043**

Tekið fyrir að nýju sorpmál í Tálknafjarðarhreppi.

*Frestað til næsta fundar.*

**5. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Tekið fyrir bréf Ólafs Þ. Ólafssonar, sveitarstjóra þar sem tilkynnt er að sveitarstjórn samþykkti tillögu Skipulagsnefndar um að tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2019-2031 verði send til umhverfis- og byggingarnefndar þar sem fjalla á um þá málaflokka sem heyra undir nefndina.

*Fjallað um Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps, málinu fresta til næsta fundar.*

**6. Umhverfisstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208088**

Tekið fyrir bréf Ólafs Þ. Ólafssonar sveitarstjóra dags. 26. ágúst 2022 þar sem tilkynnt er að sveitarstjórn felur umhverfis- og byggingarnefnd að gera drög að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið.

*Umhverfis- og byggingarnefnd telur nauðsynlegt að fá ráðgjafa til að aðstoða við gerð*

*umhverfisstefnu, byggingarfulltrúa falið að kanna kostnað við gerð umhverfisskýrslu.*

**7. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067**

Tekin fyrir verk- og tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2023-2026.

*Byggingarfulltrúa falið að senda nefndarmönnum þriggja ára fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins með tillögum að verkefnum.*

**8. Leyfi umsókn um byggingarleyfi - 2209232**

Tekið fyrir bréf frá Arnarlax dags. 19.09.2022 er varðar umsókn um byggingarleyfi fyrir súrefnistank við seiðaeldisstöð að Gileyri.

*Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið, byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi þegar undirrituð gögn hafa borist.*

**9. Strandgata 39-41, umsókn um byggingarleyfi - 2209221**

Tekin fyrir umsókn frá Tungusilung ehf þar sem óskað er eftir heimild til að byggja við húsið við Strandgötu 39-41 skv. teikningur frá Gínga teiknistofu dags. 27.08.2022.

*Umhverfis- og byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi þegar lóðarsamningur hefur verið undirritaður.*

**1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076**

Lögð fram til kynningar, Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi, sem samþykkt var í Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu 17. ágúst sl.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

---

Jóhann Birkir Helgason (JBH)